

Alþingi  
Erindi nr. P 120/1336  
komudagur 10/4 1996

Allsherjarnefnd Alþingis,  
frú Sólveig Pétursdóttir,  
Alþingi við Austurvöll  
í Reykjavík.

Reykholti, 2an apríl 1996.

Heiðraða Allsherjarnefnd Alþingis.

Á fundi sínum þann 1ta apríl sl. fór stjórn Prestafjelags Íslands yfir frumvarp til laga um staðfesta samvist, sem borizt hafði til umsagnar.

Á vettvangi Þjóðkirkjunnar hefur engin afstaða verið tekin sjerstaklega til þeirra nýju, siðferðilegu álitamála í íslenskri löggjöf, sem hjer um ræðir. Meðan kirkjan hefur ekki brugðizt við þeim spurningum, sem frumvarpið felur í sjer svör við, treystir stjórn P.Í. sjer ekki til að mæla með samþykkt þess, en leyfir sjer hins vegar að mæla með því, að afgreiðsla þess verði látin bíða þar til slík stefna liggur fyrir, vilji löggjafinn hafa Þjóðkirkjuna með í ráðum um undirbúning þessarar löggjafar.

Vvirðingarfyllt.

